

Þriðjudaginn 4. desember 1973.

Nr. 94/1972: Dánar- og félagsbú Guðmundu Ísleifsdóttur
og Ragnars Veturliðasonar

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Rögnu Ragnarsdóttur

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson
og Björn Sveinbjörnsson.

Endurgreiðsla. Heimilisaðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júlí 1972. Krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða stefndu kr. 59.000.00 og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi viðurkennt, að honum beri að greiða stefndu aðkeypta heimilisaðstoð á tímabilinu 8. ágúst til 9. desember 1968, kr. 20.000.00, fæði og hjúkrun á sama tímabili, kr. 15.000.00, og þóknun vegna heimilisaðstoðar stefndu á árunum 1965 og 1966, kr. 24.000.00.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánar- og félagsbú Guðmundu Ísleifsdóttur og Ragnars Veturliðasonar, greiði stefndu, Rögnu Ragn-

arsdóttur, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 27. apríl 1972.

Sóknaraðili máls þessa, Ragna Ragnarsdóttir, Suðurlandsbraut 100, hefur gert þær réttarkröfur, að ofangreint bú verði úrskurðað til að greiða henni kr. 300.000.00, áður en til skipta þess kemur. Til vara krefst hún annarrar lægri fjárhæðar að mati réttarins. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Í greinargerð varnaraðilja var krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja svo og málskostnaðar, en við munnlegan flutning málsins viðurkenndi umboðsmaður varnaraðilja, að honum bæri að greiða sóknaraðilja kr. 20.000.00 auk hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins vegna fæðiskaupa og umönnunar sóknaraðilja á Guðmundu heitinni Ísleifsdóttur á tímabilinu 8. ágúst til 9. desember árið 1968.

Munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, hinn 7. þessa mánaðar, og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

Hinn 25. desember 1968 andaðist á Landspítalanum í Reykjavík Guðmundu Ísleifsdóttir. Við uppskriftar- og virðingargerð á búi hennar hinn 7. október 1969 var ákveðið að taka dánarbúið til opinberrar skiptameðferðar. Erfingjar búsin eru tveir, sóknaraðili máls þessa, Ragna Ragnarsdóttir, dóttir hinnar látnu og Ragnars Veturliðasonar, fædd 5. nóvember 1937, og Ragnar Veturliðason, maki Guðmundu heitinnar, fæddur 22. marz 1914.

Á skiptafundi í búinu hinn 31. marz 1971 lýsti umboðsmaður sóknaraðilja, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, yfir því, að umbjóðandi hans, Ragna Ragnarsdóttir, mundi gera kröfu um, að dánar- og félagsbúið greiddi henni fyrir heimilsstörf og umönnun móður hennar, áður en til skipta dánarbús Guðmundu Ísleifsdóttur kæmi, og hinn 26. apríl 1971 var svo kröfu lýst að fjárhæð kr. 300.000.00. Kröfunni var mótmælt, og var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreininginn, og er það mál hér til úrskurðar.

Sóknaraðili, Ragna Ragnarsdóttir, rökstyður kröfu sína með því, að hún hafi unnið kauplaust á heimili foreldra sinna frá 15 ára aldri, en frá þeim tíma hafi móðir hennar verið ósjálfbjarga sjúklingur. Þá hafi hún jafnframt unnið utan heimilisins á greindu tímabili og hafi sjálfsaflafé hennar gengið að verulegu leyti til

heimilisins, þar sem faðir hennar hafi alla tíð verið knappur á framfærslueyri til fjölskyldunnar. Um mánaðamótin júlí—ágúst 1968 hafi hann svo farið af heimilinu og ekki lagt því neitt til eftir það þá rúmlega fjóra mánuði, sem Guðmunda heitin Ísleifsdóttir átti ólifaða. Þá kveðst sóknaraðili hafa lánað fé árið 1957 til kaupa á fasteign félagsbúsins, Suðurlandsbraut 100, og hafi framlag sitt numið a. m. k. kr. 17.095.00 og vísar í því sambandi til minnis-seðils, sem fyrir liggur í málinu, þingmerktur sem dskj. nr. 4. Loks kveðst sóknaraðili hafa orðið að kaupa heimilsaðstoð fyrir kr. 20.000.00, eftir að Ragnar Veturliðason hvarf frá heimilinu árið 1968.

Umboðsmaður varnaraðilja styður kröfugerð sína þeim rökum, að sóknaraðili hafi notið fæðis og húsnæðis endurgjaldslaust á öllu því tímabili, sem kaupkrafta hennar nær til. Hið sama hafi gilt um fæði og húsakjól til handa tveimur börnum sóknaraðilja, sem fædd eru 1961 og 1965. Faðir sóknaraðilja, Ragnar Veturliðason, hafi lagt heimilinu til fullkomlega allt, sem það þarfnaðist, allt fram til þess tíma, er hann hvarf brott af heimilinu í ágúst 1968. Þá sé einnig á það að líta, að móðir sóknaraðilja hafi dvalizt langtímum saman á sjúkrahúsum og ekki hafi sóknaraðili annast hana þann tíma. Guðmunda heitin Ísleifsdóttir hafi verið nánast heilsulaus árum saman. Bendir varnaraðili í því sambandi á framburð vitnisins Ingibergs Jens Sigurðar Guðjónssonar, Stigahlíð 22, fædds 13. september 1925, frá 5. júlí 1971, en þar ber vitnið, sem var kjörsonur Guðmundu Ísleifsdóttur og fyrri eiginmanns hennar, Guðjóns Kristinssonar, að Guðmunda heitin hafi verið orðin alger öryrki 1961—1962, en kveðst jafnframt minnast þess, að hún hafi þegar í æsku vitnisins verið langdvölum á sjúkrahúsum. Hafi Guðmunda heitin því verið orðin heilsulaus þegar við fæðingu sóknaraðilja eða skömmu síðar. Hér sé því um það að ræða, að önnur fyrirvinna heimilisins hafi bilað, en hin fyrirvinnan, Ragnar Veturliðason, hafi þá orið að taka á sig meginþunga framfærslunnar. Þá bendir varnaraðili á, að fyrir liggi, að sóknaraðili hafi unnið utan heimilisins allt frá 14 ára aldri og ekkert bendi til, að hún hafi lagt fé af mörkum til heimilishaldsins af því kaup, sem henni áskotnaðist fyrir þá vinnu. Varðandi ætlað framlag sóknaraðilja til fasteignarinnar segir umboðsmaður varnaraðili hafi unnið utan heimilisins allt frá 14 ára aldri og ekkert araðili hafi lagt fram einhverja fjárhæð til kaupanna, 5—10 þúsund krónur, en kveður sóknaraðilja ekki hafa ætlazt til endurgreiðslu, enda hafi þeirri kröfu ekki verið hreyft fyrr en undir

rekstri máls þessa, en jafnvel þótt svo verði ekki litið á, sé sú krafa fyrnd, þar sem upplýst sé, að fjárframlag þetta hafi verið innt af hendi árið 1957.

Varnaraðili hefur viðurkennt, að endurgreiða beri sóknaraðilja kr. 20.000.00 fyrir aðkeypta heimilisaðstoð árið 1968, og verður sú fjárhæð tildæmd sóknaraðilja úr búinu. Þá hefur varnaraðili fallið á, að sóknaraðilja beri greiðsla að mati dómsins fyrir fæðis-kostnað og umönnun Guðmundu heitinnar Ísleifsdóttur á tímabilinu 8. ágúst til 9. desember árið 1968, og þykir verða að ákvarða sóknaraðilja hæfilega fjárhæð fyrir það.

Verða ágreiningsatriði málsins nú tekin til skoðunar, og verður fyrst athugað, hvort úrskurða beri sóknaraðilja greiðslu fyrir störf á heimili foreldra sinna.

Í aðiljaskýrslum Rögnu Ragnarsdóttur og Ragnars Veturliðasonar hinn 21. júní 1971 kemur fram, að Guðmundu heitin Ísleifsdóttir hafi ekki verið fær til verka á heimilinu síðustu fjögur til fimm árin, sem hún lifði, en fram að þeim tíma hafi hún unnið léttari heimilisstörf, svo sem að matargerð og uppvotti, en að öðru leyti hafi heimilisstörfin hvílt á sóknaraðilja.

Ósannað er, hversu mikla vinnu sóknaraðili lét heimili foreldra sinna í té, meðan móðir hennar naut enn við að nokkru. Svo virðist sem hún hafi ekki haft uppi kröfur um greiðslu fyrir þjónustu sína við heimilið fyrr en með kröfulýsingu sinni í máli þessu hinn 26. apríl 1971. Þess er og að geta, að sóknaraðili naut sér að útgjaldalausni viðurgernings og húsnæðis á heimilinu fyrir sig og börn sín. Þykja því ekki efni til að taka til greina beina launa-kröfu hennar, en rétt er að ætla henni nokkra þóknun fyrir störf í þágu heimilisins, eftir að móðir hennar varð farlama með öllu. Þykir sú þóknun hæfilega ákveðin kr. 80.000.00, og er innifalið í þeirri fjárhæð greiðsla fyrir tímabilið 8. ágúst til 9. desember 1968, sem varnaraðili hefur viðurkennt að efni til.

Í málinu er ágreiningur um, hvort sóknaraðili hafi lagt fé af mörkum af sjálfsaflafé sínu til sameiginlegra heimilisparfa.

Sóknaraðili, Ragna Ragnarsdóttir, hefur ekki sannað nein bein fjárframlög til heimilisins af sjálfsaflafé sínu. Hún hefur hins vegar borið, að áður en faðir hennar fór af heimilinu í ágúst 1968, hafi verið farið að tregðast um greiðslur hans til heimilisins. Fram kemur í aðiljaskýrslu Ragnars Veturliðasonar, að frá því í janúar 1967 þar til í júní 1968 hafi hann greitt til heimilisins einungis kr. 5.000.00 á mánuði auk fastagjalds af síma.

Verður að líta svo á, að Ragnar Veturliðason hafi viðurkennt

skyldu sína til greiðslu framfærslueyris með téðum greiðslum. Með því að fjárframlag Ragnars Veturliðasonar á nefndu tímabili þykir ekki hafa nægt til framfærslu Guðmundu heitinnar Ísleifsdóttur, þykir verða að úrskurða sóknaraðilja uppbót af þeim sökum, þar sem forsjá heimilisins hvíldi alfarið á henni á þessum tíma. Þykir hæfilegt að tildæma sóknaraðilja kr. 18.000.00 af þessum sökum.

Í máli þessu kemur fram og er ágreiningslaust, að sóknaraðili lagði árið 1957 fram nokkurt fé til kaupa á fasteigninni Suðurlandsbraut 100. Hefur varnaraðili borið fyrir sig fyrningu gegn kröfu um endurgreiðslu vegna þessa.

Samkvæmt lögum nr. 14 frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fynast peningalánskröfur á 10 árum, sbr. í því sambandi 2., 3. og 4. gr. nefndra laga. Verður endurgreiðslukrafa sóknaraðilja því ekki tekin til greina.

Í máli þessu þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja upp í málskostnað kr. 15.000.00.

Jón Þóroddsson, fulltrúi borgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, dánar- og félagsbú Guðmundu Ísleifsdóttur og Ragnars Veturliðasonar, greiði sóknaraðilja, Rögnu Ragnarsdóttur, kr. 118.000.00.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 15.000.00 upp í málskostnað.